


# Kortabók



Í Kortabókinni eru upplýsingar um ótrúlega mörg atriði, m.a. um helstu flugleiðir, tímabeltin, sólkerfið, ríkjaskipan, framleiðslu í hverju landi og svo mætti lengi telja. Það er líka nauðsynlegt að kunna að lesa á kort. Þau geta komið að góðu gagni á ferðalögum og eins þegar þarf að finna hvar í heiminum eitthvert land er eða borg. En það eru ýmsar fleiri upplýsingar í kortabókum. Við skulum skoða *Kortabók handa grunnskólum* sem Námsgagnastofnun gefur út.

Kíktu á efnisyfirlitið fremst í bókinni.

Á hvaða blaðsíðu er kort af *Vesturlandi* og *Norðvesturlandi*? \_\_\_\_\_

Á hvaða blaðsíðu er kort sem sýnir gróðurþekju á Íslandi? \_\_\_\_\_

Hvað er gróðurþekja? \_\_\_\_\_

Á hvaða blaðsíðu er fjallað um mannfjölda í *heiminum*? \_\_\_\_\_

## Lengdar- og breiddarbaugar

Til að finna nákvæma staðsetningu á landakorti er notað kerfi af línunum sem kallast *lengdarbaugar* og *breiddarbaugar*. Miðbaugur er lengsti breiddarbaugurinn og hann er táknaður með 0°. Aðrir breiddarbaugar eru númeraðir og með S (fyrir sunnan miðbaug) eða N (fyrir norðan miðbaug). Lengdarbaugar liggja á milli suður- og norðurpóls og 0 lengdarbaugurinn liggur í gegnum stjörnuathugunarstöðina í Greenwich sem er rétt við London.

Á hvaða lengdar- og breiddargráðu er *Reykjavík*? \_\_\_\_\_ *Ísafjörður*? \_\_\_\_\_

*Akureyri*? \_\_\_\_\_ *Seyðisfjörður*? \_\_\_\_\_ *Hvolsvöllur*? \_\_\_\_\_

Á hvaða blaðsíðu er fjallað um mannfjölda á Íslandi? \_\_\_\_\_ Skoðaðu línuritið sem sýnir mannfjölda á Íslandi frá því um 1000. Hver var mannfjöldi á Íslandi árið 1950?

\_\_\_\_\_ En árið 2010? \_\_\_\_\_ Hvað er gert ráð fyrir að mannfjöldinn verði árið 2040? \_\_\_\_\_ Hvað verður þú gömul/gamall þá? \_\_\_\_\_

Finndu *nafnaskrá* aftast í bókinni og athugaðu hvar *Eyjafjallajökull* er. Finndu jökulinn á kortinu og athugaðu hvað hæsti punkturinn er margir metrar. \_\_\_\_\_ Hvað heitir jökullinn við hliðina? \_\_\_\_\_ Geturðu fundið fræga eldstöð í þeim jökli og skráð hvað hún heitir? \_\_\_\_\_

Finndu *Evrópu*: upplýsingar um *framleiðslu*, *hita* og *úrkomu*, *snjóþekju*. Skoðaðu tákinn yfir framleiðsluna og svaraðu eftirfarandi spurningum:

1. Hve margar milljónir nautgripa eru í Bretlandi? \_\_\_\_\_
2. Nefndu a.m.k. tvö lönd sem rækta mikið af vínberjum. \_\_\_\_\_
3. Hvaða málmar finnast í jörðu í Svíþjóð? \_\_\_\_\_

Finndu kortið *Heimurinn – fjarlægðir og flugleiðir*. Flugtíminn miðast við ferð frá London. Hvað er lengi verið að fljúga frá London til Sydney í Ástralíu? \_\_\_\_\_ En New York? \_\_\_\_\_

Hvað er farið yfir mörg tímabelti á leiðinni frá *London* til *New York*? \_\_\_\_\_

Skoðaðu kortið yfir *Sólkerfið* og svaraðu eftirfarandi spurningum.

Jörðin er 365 sólarhringa að fara umhverfis sólina. Hvað er *Merkúríus* lengi að fara einn